

**Fiskistofa**

**04 215**

**Ársreikningur 2023**

## Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimtaliðum .....	6
Skýringar .....	7

Fiskistofa

kt. 660892-2069

Borgum við Norðurslóð, 600 Akureyri

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Fiskistofa er ríkisaðili í A-hluta sem heyrir undir matvælaráðuneytið. Um starfsemi Fiskistofu gilda lög nr. 36/1992 um Fiskistofu, með síðari breytingum. Fiskistofa annast stjórnsluverkefni á sviði sjávarútvegsmála, lax- og silungsveiði, hvalveiða o.fl. Hlutverk Fiskistofu er jafnframt að safna upplýsingum um framangreinda málaflokka.

Starfsemin fellur undir málefna svið 13 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2023 var ársveltan kr. 1.113,6 milljónir og afkoma kr. 6,2 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 38,5 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 333,0 milljónir.

Starfsemin á árinu 2023 byggir á heimildum í fjárlögum og fjárukalögum fyrir árið 2023. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit okkar að ársreikningur 2023 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður og fjármálastjóri staðfesta hér með ársreikning Fiskistofu fyrir árið 2023 með rafrænni undirritun sinni.

Elín Björg Ragnarsdóttir  
Fiskistofustjóri

(undirritað rafrænt)

Björk Guðmundsdóttir,  
Fjármálastjóri

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2023

	Skýr	2023	2022
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	925.100.000	891.100.000
Aðrar tekjur .....		72.027.423	77.233.511
Seld þjónusta .....	3	26.218.307	8.808.549
Vörusala .....		35.750	48.750
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	69.724.634	62.708.351
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	20.514.964	18.690.077
<b>Tekjur samtals</b>		<b>1.113.621.078</b>	<b>1.058.589.238</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	802.529.023	769.313.933
Annar rekstrarkostnaður .....	6	284.354.828	270.848.658
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		19.031	83.516
Afskriftir og niðurfærslur .....	7	20.514.964	18.690.077
<b>Gjöld samtals</b>		<b>1.107.417.846</b>	<b>1.058.936.184</b>
<b>Afkoma ársins</b>		<b>6.203.232</b>	<b>(346.946)</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr	31.12.2023	31.12.2022
<b>Eignir</b>			
Handbært fé .....		4.480.168	1.462.197
Viðskiptakröfur .....		31.889.171	673.342
Tengdir aðilar .....	8	205.750.812	176.494.182
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	9	1.900.000	2.159.425
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	10	89.016.673	72.334.013
<b>Eignir samtals</b>		<b>333.036.824</b>	<b>253.123.159</b>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	8	31.796.167	28.485.816
Viðskiptaskuldir .....		17.740.603	10.882.199
Ýmsar skammtímaskuldir .....	11	171.586.258	108.027.116
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	12	73.384.645	73.402.109
<b>Skuldir samtals</b>		<b>294.507.673</b>	<b>220.797.240</b>
<b>Eignir samtals að fráðregnum skuldum samtals</b>		<b>38.529.151</b>	<b>32.325.919</b>
<b>Eigið fé</b>			
Hrein eign .....	13	38.529.151	32.325.919
<b>Eigið fé samtals</b>		<b>38.529.151</b>	<b>32.325.919</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>333.036.824</b>	<b>253.123.159</b>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	14		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2023

	Skýr	2023	2022
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		6.203.232	(346.946)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	20.514.964	18.690.077
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(20.514.964)	(18.690.077)
		<u>6.203.232</u>	<u>(346.946)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(30.956.404)	3.945.516
Tengdir aðilar .....		(42.646.403)	(29.098.612)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		<u>70.417.546</u>	<u>25.318.152</u>
		(3.185.261)	165.056
		<u>3.017.971</u>	<u>(181.890)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	10	(40.352.624)	(22.647.913)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....		<u>3.252.500</u>	<u>2.450.822</u>
		(37.100.124)	(20.197.091)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		16.700.124	6.697.091
Fjárfestingarframlag .....		<u>20.400.000</u>	<u>13.500.000</u>
		37.100.124	20.197.091
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		3.017.971	(181.890)
		<u>1.462.197</u>	<u>1.644.087</u>
		<u>4.480.168</u>	<u>1.462.197</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

## Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2023 .....	877.300.000	20.400.000	897.700.000
<b>Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum .....</b>	<b>877.300.000</b>	<b>20.400.000</b>	<b>897.700.000</b>
Launabætur .....	47.800.000		47.800.000
<b>Fjárveiting ársins .....</b>	<b>925.100.000</b>	<b>20.400.000</b>	<b>945.500.000</b>
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2022, (umframráðstafað) .....	32.325.919	1.068.096	33.394.015
<b>Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu .....</b>	<b>957.425.919</b>	<b>21.468.096</b>	<b>978.894.015</b>
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum .....	(918.896.768)	(37.100.124)	(955.996.892)
<b>Staða fjárveitinga í lok árs 2023 .....</b>	<b>38.529.151</b>	<b>(15.632.028)</b>	<b>22.897.123</b>

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Aðrar tekjur

Aðrar tekjur samanstanda af tekjum vegna vottorða, leyfa og eftirlits.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	8-10 ár
Aðrar eignir .....	10 ár eða óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.



# Skýringar

## Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

## Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

## Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

## Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

## Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

## Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2023	2022
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	925.100.000	891.100.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	20.514.964	18.690.077
	<b>945.614.964</b>	<b>909.790.077</b>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	877.300.000	0	0	877.300.000
Launabætur .....	47.800.000	0	0	47.800.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>925.100.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>925.100.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .	(918.896.768)	0	0	(918.896.768)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>6.203.232</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>6.203.232</b>

	2023	2022
<b>3 Seld þjónusta</b>		
Sérfræðiþjónusta .....	25.610.047	5.771.400
Ýmsar þjónustutekjur .....	608.260	1.523.890
Fræðslustarfsemi og fundir .....	0	1.513.259
	<b>26.218.307</b>	<b>8.808.549</b>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur .....	0	42.395.806
Afnotagjöld .....	25.558	8.774
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	153.233	457.967
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	65.154.119	17.987.192
Ýmsar tekjur .....	4.391.724	1.858.612
	<b>69.724.634</b>	<b>62.708.351</b>

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	639.209.095	616.611.745
Orlof, breyting .....	11.225.444	5.812.909
Launatengd gjöld .....	145.845.508	140.899.753
Starfsmannakostnaður .....	6.248.976	5.989.526
	<b>802.529.023</b>	<b>769.313.933</b>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	54,3	56,2

## Skýringar

	2023	2022
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	517.900	608.989
Byggingarvörur, almennar ....	110.636	829.757
Byggingarvörur, aðrar ....	13.684	1.458
Tæki og búnaður til innréttinga ....	0	635.137
Ýmis tæki og áhöld ....	4.615.583	3.010.454
Varahlutir og viðhaldsvörur ....	415.421	736.834
Orkugjafar ....	6.200.010	4.908.266
Matvæli ....	8.076.214	6.128.688
Almennar rekstrarvörur ....	2.054.003	1.338.566
Vörukaup, almenn	22.003.451	18.198.149
Rannsóknarstofuefni ....	0	2.316
Kennslu- og föndurvörur ....	0	27.552
Ýmsar sérgreindar vörur ....	34.204	175.529
Vörukaup, sérgreind	34.204	205.397
Fundir, námskeið, risna ....	2.860.089	2.198.660
Ferðir, uppihald ....	73.572.366	55.969.751
Akstur ....	5.578.932	6.473.172
Sérfræðiþjónusta ....	90.159.380	56.116.119
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld ....	161.571	584.646
Auglýsingar og kynningarstarfsemi ....	1.238.278	724.505
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta ....	5.654.029	5.325.631
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	179.224.645	127.392.484
Afnotagjöld ....	27.856.052	24.382.054
Leigugjöld ....	61.163.830	99.239.980
Notkun véla og flutningatækja ....	15.000	2.209.609
Verkkaup ....	6.345.445	8.742.106
Kostnaðarhlutdeild ....	12.822.941	14.133.592
Tryggingar, lögboðnar ....	1.277.074	1.206.867
Opinber gjöld ....	407.420	335.762
Tapaðar kröfur ....	6.698	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	109.894.460	150.249.970
Vörukaup ....	1.846	0
Vörur til endursölu og birgðabreyting	1.846	0
Hlutdeild annarra í kostnaði ....	(26.803.778)	(25.197.342)
Annar rekstrarkostnaður samtals	284.354.828	270.848.658
<b>7 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður ....	9.919.249	11.446.400
Farartæki og vélar ....	8.870.206	7.131.180
Aðrar eignir ....	37.558	110.907
Söluþap og úreltar eignir ....	1.687.951	1.590
	20.514.964	18.690.077

## Skýringar

31.12.2023 31.12.2022

### 8 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

#### Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	177.587.947	165.319.730
Aðrir ríkisaðilar .....	28.162.865	11.174.452
	<u>205.750.812</u>	<u>176.494.182</u>

#### Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila .....	31.796.167	28.485.816
	<u>31.796.167</u>	<u>28.485.816</u>

### 9 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður .....	1.900.000	2.159.425
	<u>1.900.000</u>	<u>2.159.425</u>

### 10 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður .....	24.282.428	25.670.493
Farartæki og vélar .....	63.829.845	45.705.272
Aðrar eignir .....	904.400	958.248
	<u>89.016.673</u>	<u>72.334.013</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2023:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2023 .....	77.136.406	74.813.330	3.391.881	155.341.617
Viðbætur á árinu .....	8.700.910	31.651.714	0	40.352.624
Selt/úrelt á árinu .....	(12.526.595)	(15.614.643)	(476.557)	(28.617.795)
	<u>73.310.721</u>	<u>90.850.401</u>	<u>2.915.324</u>	<u>167.076.446</u>
Afskriftir 01.01.2023 .....	51.465.913	29.108.058	2.433.633	83.007.604
Afskrift ársins .....	9.919.249	8.870.206	37.558	18.827.013
Selt/úrelt á árinu .....	(12.356.869)	(10.957.708)	(460.267)	(23.774.844)
	<u>49.028.293</u>	<u>27.020.556</u>	<u>2.010.924</u>	<u>78.059.773</u>
Staða 31.12.2023 .....	<u>24.282.428</u>	<u>63.829.845</u>	<u>904.400</u>	<u>89.016.673</u>

31.12.2023 31.12.2022

### 11 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof .....	82.178.153	70.952.709
Önnur ógreidd gjöld .....	89.408.105	37.074.407
	<u>171.586.258</u>	<u>108.027.116</u>

## Skýringar

### 12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2023	31.12.2022
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	89.016.673	72.334.013
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað) .....	(15.632.028)	1.068.096
	<u>73.384.645</u>	<u>73.402.109</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2023 .....	72.334.013	1.068.096	73.402.109
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	20.400.000	20.400.000
Áhrif seldra eigna .....	(3.155.000)	3.252.500	97.500
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	40.352.624	(40.352.624)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(20.514.964)	0	(20.514.964)
	<u>89.016.673</u>	<u>(15.632.028)</u>	<u>73.384.645</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2023 munu kr. 17,9 milljónir koma til tekna á árinu 2024.

### 13 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2023	31.12.2022
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	32.325.919	32.672.865
Afkoma ársins .....	6.203.232	(346.946)
Jöfnuður 31.12. ....	<u>38.529.151</u>	<u>32.325.919</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

### 14 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði, rekstrar- og þjónustusamninga og aðra samninga vegna daglegrar starfsemi. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu munu nema kr. 65,9 milljónum, vegna rekstrar- og þjónustusamninga kr. 43,3 milljónum og vegna annarra samninga kr. 12,9 milljónum árið 2024.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2023.

#### Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óafturkallanleg loforð

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.